

Nd.

472. Nefndarálit

[159. mál]

um frv. til l. um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla.

Frá minni hl. félagsmálanefndar.

Minni hluti félagsmálanefndar telur, að ýmsar réttarbætur fengjust verkafólki til handa, ef frv. yrði að lögum og kæmist í framkvæmd. Undirbúningur málsins hefur hins vegar verið með öðrum hætti en vera ætti um slík mál. Samráð af hálfu stjórnvalda við aðila vinnumarkaðarins hefur verið of lítið og er þó hér um að ræða vandasöm og kostnaðarsöm framkvæmdaratriði.

Vinnuálag samband samvinnufélaganna segir í umsögn sinni 16. febrúar 1979:

„Frumvarp það, sem hér um ræðir, fjallar um mjög flókin og vandmeðfarin samskiptamálefni á vinnumarkaðinum, auk þess aukna tilkostnaðar, sem það hefur í för með sér fyrir atvinnureksturinn. Það er þess vegna mjög misráðið af hálfu ríkisvaldsins að setja fram frumvarp sem þetta, án þess að aðilar vinnumarkaðarins hafi fengið aðstöðu til þess að fjalla um efni þess sameiginlega. Höfum við áður kynnt félagsmálaráðherra og samráðherrum hans þessi viðhorf og m. a. farið fram á að skipuð yrði nefnd, sem í ættu sæti fulltrúar launþega, atvinnurekenda og ríkisvalds, sem fjölluðu um efni frumvarpsins. Af þeirri nefndarskipan hefur enn ekki orðið og ítrekum vér hér með ósk um að slík nefnd verði skipuð.“

Vinnuveitendasamband Íslands segir í bréfi 25. jan. 1979:

„Við viljum ítreka þá kröfu okkar, að nú þegar verði skipuð nefnd frá vinnuveitenda- og launþegasamtökunum til að fjalla um framangreind frumvörp og freista þess að ná samkomulagi um efni þess.“

Bæði samböndin benda á margvíslega annmarka á frv., óljós ákvæði og vafaatriði í framkvæmd.

Minni hl. félagsmálanefndar telur það miður farið, að ekki skuli hafa verið fallist á eðlilega athugun á þessu vandasama máli, til þess að freista þess að ná samkomulagi aðila vinnumarkaðarins og reyna að tryggja að verkafólk fengi í reynd og með viðráðanlegum hætti fyrir atvinnureksturinn þær réttarbætur, sem að er stefnt.

Alþingi, 19. mars 1979.

Gunnar Thoroddsen, Eggert Haukdal
frsm.